

238. fundur - 18.ágúst 2005

Oddviti setti fundinn kl. 15:23 og bauð menn velkomna. Allir aðalmenn mættir nema Bjarki Stefán Jónsson er boðað hafði seinkun.

Oddviti las upp dagskrá. Sveitarstjóri óskaði eftir að fá að leggja alls fram níu mál undir liðnum “önnur mál.” Samþykkt að bæta þeim við.

Var nú gengið til dagskrár:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 237. fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð bókasafnsnefndar 29. júní 2005. Engar athugasemdir.
- 3) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 4. ágúst 2005. Engar athugasemdir.
- 4) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 10. ágúst 2005. Hluti fundargerðarinnar snertir málefni einstaklings og hafði sá hluti verið færður í trúnaðarmálabók nefndarinnar. Var hreppsnefndarfundi lokað á meðan sú fundargerð var rædd.

Bjarki Stefán kom inn á fundinn kl. 15:50

Þegar fundur var opnaður aftur var tekin fyrir sú tillaga nefndarinnar að lengja opnunartíma Grettislaugar veturinn 2005-2006, þannig að opið verði frá kl. 17:00 til 21:00 í stað 17:00 til 20:00 eins og verið hefur. Tillagan var samþykkt.

- 5) Fundargerðir fjögurra verkfunda vegna verksins “Reykhólar – Stofnæð vatnsveitu.” Um er að ræða fundi sem haldnir voru á tímabilinu 3. júní til 3. ágúst 2005.

Mál til afgreiðslu

- 1) Vestfjarðasund 2005; erindi frá Benedikt S. Lafleur og Jóni K. Guðbergssyni. Styrkbeiðni hafnað.
- 2) Eignarhald á svonefndu Læknishúsi í Flatey á Breiðafirði, erindi frá Lögmönnum ehf. Sveitarstjóra og byggingarfulltrúa falið að vinna að lausn á málinu.
- 3) Samþykki sveitarstjórnar fyrir lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna vatnsveituframkvæmda á Reykhólum. Sveitarstjórnin skrifaði undir skjölin á fundinum.
- 4) Óskað umsagnar sveitarstjórnar um leyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði. Um er að ræða samtals fimm gististaði og eina veitingastofu í sveitarfélaginu. Erindi frá sýslumanninum á Patreksfirði. Umsögn hreppsnefndar er jákvæð.
- 5) Kosning eins manns í fjallskilanefnd í stað Leifs Z. Samúelssonar. Samþykkt að kjósa Einar Hafliðason í Fremri-Gufudal.

Mál til kynningar

- 1) Lögheimili tveggja íbúa í Flatey á Breiðafirði, úrskurður Hagstofu Íslands (færðir í íbúaskrá Stykkishólmsbæjar)
- 2) Framlag félagsmálaráðuneytis vegna vinnu samstarfsnefndar Reykhólahrepps, Saurbæjarhrepps og Dalabyggðar (sameiningarkosningar 8. október 2005). Bréf frá ráðuneytinu.
- 3) Fornleifaskráning vegna aðalskipulags; erindi frá Minjaverði Vesturlands og Vestfjarða.
- 4) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 24. júní 2005
- 5) “Til upplýsingar varðandi viðbrögð við grun um illa meðferð dýra”, erindi frá yfirdýralækni og Umhverfisstofnun
- 6) 59. og 60. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerðir
- 7) Eldsneytisafgreiðsla í Bjarkalundi, afrit af bréfi Olúfélagsins h/f til Ferðamálasamtaka Vestfjarða
- 8) Verð á tjaldstæðum á Vestfjörðum, frétt af www.bb.is 29. júní

- 9) Sundlaugarvatn í Grettislaug, erindi frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða (laugarvatn stóðst gæðakröfur)
- 10) Reykhólahreppi úthlutað einni milljón króna í styrkvegafé, erindi frá Vegagerðinni. Sveitarstjóri hefur skipt fénu þannig að kr. 0,6 milljón fari í Staðarhafnarveg og 0,4 milljónir í Kvígingisfjarðarveg.
- 11) Sjávarrof í Karlseyjarvegi, bréfaskipti Reykhólahrepps og Vegagerðarinnar.
- 12) Styrkveitingar til Íþróttahúss á Reykhólum, erindi frá VÍS og Sparisjóði Vestfirðinga. Þetta eru samtals kr. 450.000 og eru þessum aðilum færðar þakkir.
- 13) Örn í æðarvarpi, erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni á Reykhólum.
- 14) Nám- og kynnisferð starfsfólks Reykhólaskóla til Danmerkur, styrkbeiðni. Greiddar voru kr. 10.000,- á mann.

Önnur mál

- 1) Þriggja ára fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2006-2008. Sveitarstjóri lagði fram áætlun sem unnin er m.a. af endurskoðanda hreppsins. Samþykkt að hækka framlög til hafnarmála og fráveitu, einnig til Barmahlíðar. Gert ráð fyrir auknum framlögum úr jöfnunarsjóði á móti og einnig frá ráðuneyti heilbrigðismála. Þriggja ára fjárhagsáætlun samþykkt þannig.
- 2) Hlutfjárhækkun í Þörungaverksmiðjunni; erindi frá Þörungaverksmiðjunni. Ákveðið að sveitarfélagið nýti sér rétt sinn til áskriftar.
- 3) Löggæsla í Reykhólahreppi; erindi til stjórnarskrárnefndar sent 12. ágúst 2005. Lagt fram til kynningar.
- 4) Deiliskipulag í Fremri-Gufudal og breytingar á svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu. Athugasemdafrestur er útrunninn. Engar athugasemdir bárust. Hvort tveggja samþykkt.

Þórður yfirgaf nú fundinn.

Þórður Jónsson (sign)

- 5) Ráðningarsamningur við Lilju Hrönn Júlíusdóttur verðandi skrifstofustjóra Reykhólahrepps. Hreppsnefnd staðfesti samninginn.
- 6) Vatnsmál Þörungaverksmiðjunnar og hafnargjöld; erindi frá Þörungaverksmiðjunni. Farið er fram á aukinn afslátt af vatni umfram það sem sveitarfélagið hefur boðið. Enn fremur er gerð athugasemd við umtalsverða hækkun á löndunargjöldum Reykhólahrepps haustið 2004. Ákveðið að vísa athugasemdum við löndunargjöld til skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar. Sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita falið að ræða við stjórnendur verksmiðjunnar um afslátt af vatni.
- 7) "Samanburður vegtenginga á Vestfjörðum. Vestfjarðavegur og Djúpvegur. Samfélagsáhrif og arðsemi." Skýrsla frá Rannsóknastofnun háskólans á Akureyri. Lögð fram til kynningar.
- 8) Lesblindusetrið, styrkbeiðni. Beiðninni hafnað.
- 9) Erindi frá Einari T. Kristinssyni í Gufudal. Hann óskar eftir að sveitarstjórn veiti umsögn skv. 36.gr. jarðalaga nr. 81/2004 vegna fyrirhugaðra kaupa hans á ábýlisjörð sinni Gufudal og sendi til landbúnaðarráðuneytisins. Afgreiðslu málsins frestað. Sveitarstjóra falið að afla nauðsynlegra gagna.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:30

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)

